

12.12.1994/RA.

Alþingi

Erindi nr. P 118 / 1065

komudagur 7 / 2 1995

### Trúnaður og þagnarskylda skólanefndarmanna.

Í umræðum í menntamálanefnd hafa vaknað spurningar um hæfi skólanefndarmanna og hvort hugsanlega þurfi að kveða á um trúnað þeirra og þagnarskyldu.

Um þá sem starfa á vegum sveitarstjórna, hvort sem er í sjálfum sveitarstjórnunum eða í nefndum og ráðum á vegum sveitarfélaga gilda sérstaklega strangar reglur, sbr. IV. k. sveitarstjórnarlaga. Þar segir m.a. að sveitarstjórnarmönnum beri að gegna störfum af alúð og samviskusemi (40. gr.) og þeir skuli gæta þagnarskyldu um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt á að fara skv. lögum, eðli máls, eða skv. sérstakri ákvörðun (42. gr.)

Einnig gilda sérstakar hæfisreglur um sveitarstjórnarmenn þar sem segir m.a. að þeim beri að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varði þá eða nána venslamenn svo sérstaklega að almennt megi ætla að viljaafstaða mótist að einhverju leyti þar af (45. gr.)

Að öðru leyti gilda um málsmeðferð á sviði sveitarstjórna ákvæði stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, nema að því leyti sem sveitarstjórnarlög gera ríkari kröfur, s.s. er um hina sérstöku hæfisreglu 45.gr. sem rakin er hér að framan.

Öll framangreind ákvæði koma að sjálfsögðu til með að gilda fyrir þá sem sveitarstjórn kys í skólanefndir sbr. 13. gr. frv. til grunnskólalaga. Vísað er í ákvæði sveitarstjórnarlaga í 1. mgr. 13. gr. frv. Hugsanlega mætti hins vegar orða tilvitnunina á gleggri hátt, t.d. með því að tiltaka sérstaklega að um réttindi og skyldur þeirra sem sæti eiga í skólanefndum og um starfshætti nefndanna fari skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og stjórnarsýslulaga.